

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landsnotkun á staðgreinireit 1.246.118, sem afmarkast af Stangarholti og íbúðabyggð við Skipholt og Nóatún verði íbúðar- og stofnanasvæði (dagvistarheimili) í stað útivistarsvæðis.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verði samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

15. nóvember 1984

Nr. 449

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á hluta staðgreinireits 1.132.0 á milli Ægisgötu og Nordurstígs breytist úr iðnaðar- og vöruheimsvæði í íbúðarsvæði.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verði samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. nóvember 1984

Nr. 450

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 25% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1.25.
2. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

3. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1983, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og Yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hlíðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærnum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1984.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 766 frá 17. nóvember 1983.

Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1984.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Arni Kolbeinsson.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 507 18. desember 1979 um endurgreiðslur
tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða, sbr. reglur nr. 551 13.
október 1980 og nr. 332 1. júlí 1982 um breytingu á þeim.**

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Ráðuneytið endurgreiðir toll af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða og breytinga á skipum og bátum, þó ekki skemmtibátum, sbr. 1. gr., enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðsla nemi minnst kr. 20 000,00.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 332/1982.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.